

10 11

Ársskýrsla VR 2010 – 2011

Virðing
Réttlæti

VR


Félagið í hnotskurn	04
Almenn starfsemi og þjónusta	04
Fjöldi félagsmanna	04
Lykiltölur VR 2010	04
Stjórn VR starfsárið 2010 - 2011	04
Kjaramál	05
Kjara- og innheimtumál 2010	05
Dómsmál	05
Kjarasamningar	06
Kröfur VR og LÍV gagnvart Samtökum atvinnulífsins	06
Kröfur VR og LÍV gagnvart Félagi atvinnurekenda	07
Sameiginlegar kröfur aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands	07
Heilbrigðismál	08
Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði	08
Styrkir til tekjulægri félagsmanna	08
Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs	08
VIRK starfsendurhæfingarsjóður	08
Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2010 – 2011	08
Orlofsmál	09
Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2010	09
Biðlistakerfi fyrir orlofshús VR	09
Afsláttur í ferðalagið	09
Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2010 – 2011	09
Ályktanir stjórnar, fundir	10
Ályktanir stjórnar starfsárið 2010 – 2011	10
Innlendir fundir starfsárið 2010 - 2011	10
Önnur starfsemi	11
VR varasjóður	11
Rannsóknir og kannanir	11
Jafnréttismál	11
Fræðsla	12
Stjórnir fræðslumála starfsárið 2010 - 2011	12
Atvinnuleysi	12
Erlend samskipti	12
Almennar upplýsingar	13
Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa	13
Lagabreytingar	13
Breyting á fulltrúa VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna	14
120 ára afmæli VR	14
Fráfall – Ingibjörg R. Guðmundsdóttir	15
Félagatal	15
Aðild VR að stofnunum	15
Félagsgjald	15
Félagsmál	15
VR í Vestmannaeyjum flytur	16
Útgáfu- og kynningarmál	16
Starfsemi þjónustuvers	16
Skipulag skrifstofu	16
Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu 1. mars 2011	17
Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2010	17
Trúnaðarmenn á vinnustöðum	18
Ársreikningur 2010	20
Áritanir	20
Rekstrarreikningur 2010	21
Efnahagsreikningur 31. desember 2010	22
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2010	24
Rekstrarreikningur ársins 2010	25
Efnahagsreikningur 31. desember 2010	26
Skýringar	27

Félagið í hnotskurn

Almenn starfsemi og þjónusta

	Fjöldi félagsmanna	
	2010	2009
Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn	1.395	1.623
Starfsmennta- og tómstundastyrkir	4.077	6.375
Styrkir úr varasjóði	10.780	11.799
Fjöldi bótaþega úr Sjúkrasjóði	1.157	1.016
Orlofshús og tjaldvagnar	2.960	3.163

Fjöldi félagsmanna



Lykiltölur VR 2010

Félagsgjöld	656.938.301
Sjúkrasjóðsiðgjöld	924.183.219
Orlofsjóðsiðgjöld	219.907.843
Leiga orlofshúsa	67.951.797
Aðrar tekjur	38.024.647
Samtals tekjur	1.907.005.887
Bætur og styrkir	519.616.004
Greiðsla úr varasjóði	335.678.930
Rekstrargjöld	906.464.677
Samtals gjöld, bætur og styrkir	1.761.759.611
Fjármagnsliðir	515.671.502
Hrein (gjöld) tekjur til ráðstöfunar	660.917.778

Stjórn VR starfsárið 2010 - 2011

Kristinn Örn Jóhannesson formaður

Ásta Rut Jónasdóttir varaformaður

Jóhanna S. Rúnarsdóttir ritari

Bergur Þór Steingrímsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarki Steingrímsson, Guðrún Helga Tómasdóttir, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jón Magnússon, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigríður Stefánsdóttir og Sigurður Sigfússon


Varamenn: Benedikt Vilhjálmsson og Bjarni Þór Sigurðsson

Kjara- og innheimtumál 2010

Mál sem komu til vinnslu á kjarasviði VR árið 2010 voru 1.395. Málafjöldi hefur dregist saman um 16% að meðaltali frá árunum 2008 og 2009 en þau ár voru þau erfiðustu frá upphafi á kjarasviði félagsins hvað málafjöldi varðar. En þrátt fyrir fækkun mála var árið 2010 að mörgu leyti líkt síðari hluta árána 2008 og 2009. Talsverður órói var á vinnumarkaði, enn var töluvert um launalækkunar og uppsagnir vegna rekstrarerfiðleika fyrirtækja. Gjaldþrot fyrirtækja voru áfram umtalsverð á árinu 2010 þó vonandi hafi botninum verið náð hvað fjöldann varðar því við gjaldþrot fyrirtækja missa launþegar oft umtalsverð réttindi, t.d. varðandi orlof, veikindarétt og uppsagnarfrest. Um áramótin 2010 og 2011 voru 127 mál í vinnslu á kjarasviði, þar af 80 hjá lögmanni félagsins. Á þessum tímamarki var 1 mál óleyt vegna ársins 2007, 11 mál óleyt vegna ársins 2008, 26 vegna ársins 2009 og 89 vegna ársins 2010.

Á árinu 2010 var atvinnuástand því ekki eins og best verður á kosið. Við þessu verður að bregðast í næstu kjarasamningum því annars verður atvinnuleysi á Íslandi viðvarandi og það er óásætlanlegt. Kaupmáttur hefur einnig lækkað og þeirri þróun verður að snúa við með skynsamlegum lausnum og samtakamátti aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Þróun á fjölda mála kjarasviðs frá janúar 2007 - desember 2010



Dómsmál

Nokkur mál fóru fyrir dóm á starfsárinu og er hér stiklað á stóru. Á fyrri hluta árs 2010 dæmdi héraðsdómur félagsmanni laun í uppsagnarfresti en deilt var um tímalengd munnlegs ráðningarsamnings. Dómurinn taldi ekki unnt að fullyrða að ráðning hafi verið tímabundin, eins og vinnuveitandi hélt fram, og sagði hann þurfa að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Um mitt ár 2010 féll dómur í Hæstarétti félagsmanni í vil í máli sem varðaði uppsögn og kröfur um miskabætur. Héraðsdómur hafði áður dæmt vinnuveitandann til að greiða félagsmanninum laun í uppsagnarfresti og miskabætur vegna rangra ásakana um misferli í starfi en rannsókn lögreglu leiddi ekki í ljós misferli.

Á árinu kom mál um gildissvið kjarasamninga fyrir dóm. Dómurinn taldi félagsmann VR ekki hafa sannað að starfssvið hans félli undir kjarasamning VR þó hann hafi óskað eftir að greiða til félagsins og hafnaði kröfu hans um veikindarétt samkvæmt þeim samningi. Gildissvið kjarasamninga fari eftir þeirri starfsgrein sem samningurinn taki til en ekki aðild einstaklinga að stéttarfélagi. Þá fór mál tveggja félagsmanna um hvort ráðningarsamningur þeirra fæli í sér vinnu á bakvöktum fyrir dóm og var niðurstaðan í báðum tilfellum félagsmanninum í vil. Í einu máli varðandi ágreining um uppsögn kvaðst félagsmaður ekki hafa fengið tölvupóst frá vinnuveitanda með uppsögn og hélt áfram störfum. Dómurinn taldi hins vegar að hann hafi átt að vita að vinnuveitandi vildi slíta ráðningarsamningi a.m.k. mánuði síðar en uppsögn hafi átt að eiga sér stað og var miðað við þá dagsetningu við úrskurð um greiðslu launa í uppsagnarfresti.

Héraðsdómur féllst ekki á rök VR í tveimur málum varðandi sama félagsmanninn síðari hluta árs 2010. Í öðru málinu var fjallað um tildrög uppsagnar en hinu áskanum um trúnaðarbrot. Dómurinn féllst ekki á þau rök félagsmannsins að vinnuveitandi hafi vikið honum úr starfi með ólögmætum hætti með því að hafna vinnuframlagi tímabundið á uppsagnarfresti. Niðurstaðan var sú að hann hafi fyrirgert rétti til greiðslu launa og orlofs í uppsagnarfresti. Í síðara málinu komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að vinnuveitandi hafi ekki brotið hegningarlög né gegn friðhelgi einkalífs með því að leggja fram tölvupóst frá félagsmanninum í fyrra málinu. Fjallað er ítarlega um öll dómsmál sem varða félagsmenn VR á heimasíðu félagsins.

Kjarasamningar

Kjarasamningar VR við Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda (áður FÍS) runnu út í lok nóvember 2010. Við undirbúning kjarasamningaviðræðna var sérstök áhersla lögð á þátttöku félagsmanna. Á haustmánuðum 2010 stóð félagið fyrir kjarabingi í Reykjavík og kjarafundum á félagsvæði VR utan höfuðborgarsvæðisins þar sem félagsmenn tóku virkan þátt í mótun kröfugerðarinnar. Alls sátu um 60 félagsmenn þingið og fundina. Þá var gerð könnun meðal 2.000 félagsmanna í september og október 2010 þar sem leitað var eftir viðhorfum félagsmanna til áherslna í samningagerðinni. Svörin í könnuninni var 61%.

Af svörum félagsmanna í könnuninni og niðurstöðum af kjarabingi má merkja að flestir vilja leggja áherslu á að tryggja kaupmátt launa. Beinir launahækkunar og atvinnuöryggi fylgja þar á eftir. Hvað sameiginlegar kröfur verkalýðshreyfingarinnar varðar telur mikill meirihluti að leggja beri áherslu á aðgerðir til að draga úr skuldavanda heimilanna og minnka atvinnuleysi.

Þegar ársskýrslan fór í prentun stóðu kjarasamningaviðræður enn. Hér að neðan eru birtar kröfugerðir VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna (LÍV) gagnvart Samtökum atvinnulífsins annars vegar og Félagi atvinnurekenda hins vegar. Þá eru einnig birt helstu áhersluatriði í sameiginlegum kröfum Alþýðusambands Íslands gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum.

Kröfur VR og LÍV gagnvart Samtökum atvinnulífsins

Almennar áherslur og markmið

VR og LÍV leggja áherslu á við gerð nýs kjarasamnings að skapaður verði efnahagslegur stöðugleiki svo mögulegt verði að vinna upp þá almennu kaupmáttarrýrnun sem orðið hefur frá hausti 2008 á sem skemmstum tíma. Samhliða skuli unnið að uppbyggingu atvinnulífsins þannig að skapa megi fjölbreytt störf á vinnumarkaði og minnka þar með atvinnuleysi. Lágmarksframfærsluviðmið verði skilgreind.

Laun

- Laun taki almennum hækkunum, auk þess sem sérstök áhersla verði lögð á hækkun lægstu launa.
- Launagreiðendum verði gert skylt að boða starfsmenn til árlegs viðtals um starf og launakjör með sannanlegum hætti.
- Orlofsréttindi verði aukið, með það m.a. að markmiði að tryggja áunninn orlofsrétt enn frekar.
- Réttindi í kjölfar vinnuslysa verði þau sömu og vegna veikinda þannig að föst og reglubundin laun verði greidd eins og í almennum veikindarétti.
- Laun ungmenna verði endurskoðuð (18 og yngri).
- Yfirvinna verði reiknuð sem hlutfall af greiddum launum viðkomandi starfsmanns.
- Hækkun desember- og orlofsuppbóta.

Vinnutími

- Ferðatími á vegum vinnuveitanda teljist til vinnutíma og greiðist samkvæmt því.

Atvinnuöryggi

- Öryggi og réttindi starfsmanna sem eru einir á vinnustöð, t.d. í verslunum, verði tryggt.

Lífeyrismál, tryggingar, veikindaréttur o.fl.

- Launþegar séu að fullu slysatryggðir á ferðalögum erlendis í þágu vinnuveitanda.
- Allur kostnaður vegna læknisvottorða verði borinn af launagreiðanda.
- Veikindaréttur barna verði útvíkkaður til að mæta veikindum maka og nákominnna ættingja/aldraðra foreldra og nái einnig til barna 16 ára og yngri.
- Veikindaréttur í orlofi erlendis verði færður til þess sem gildir í orlofi innanlands.
- Unnin verði frekari endurskoðun á ákvæðum um tryggingar launþega.

Annað

- „Pakkalaun“ verði nánar skilgreind og hvað í þeim felst, s.s. hvert er verðgildi dagvinnu, eftirvinnu og yfirvinnu hjá hverjum launþega.
- Fá frekari skilgreingu á hugtakinu „umbun“ þegar starfsmaður er ráðinn staðgengill í afleysingum.
- Skylda starfsmanna til að ganga í sérstökum vinnufatnaði verði ekki til staðar, nema vinnuveitandi útvegi þann fatnað, starfsmanni að kostnaðarlausu.
- Upplýsingaflæði og samráð vinnuveitanda og trúnaðarmanna á vinnustað verði aukið.
- Tryggt verði að launþegar beri engan persónulegan kostnað vegna ferðalaga erlendis á vegum vinnuveitanda.

Að öðru leyti er vísað til sameiginlegra krafna aðildarfélaga ASÍ.

Kröfur VR og LÍV gagnvart Félagi atvinnurekenda

Almennar áherslur og markmið

VR og LÍV leggja áherslu á við gerð nýs kjarasamnings að skapaður verði efnahagslegur stöðugleiki svo mögulegt verði að vinna upp þá almennu kaupmáttarrýrnun sem orðið hefur frá hausti 2008 á sem skemmstum tíma. Samhliða skuli unnið að uppbyggingu atvinnulífsins þannig að skapa megi fjölbreytt störf á vinnumarkaði og minnka þar með atvinnuleysi. Lágmarksframfærsluviðmið verði skilgreind.

Laun

- Laun taki almennum hækkunum, auk þess sem sérstök áhersla verði lögð á hækkun lægstu launa.
- Launagreiðendum verði gert skylt að boða starfsmenn til árlegs viðtals um starf og launakjör með sannanlegum hætti.
- Orlofsréttindi verði aukin, með það m.a. að markmiði að tryggja áunninn orlofsrétt enn frekar.
- Laun ungmenna verði endurskoðuð (18 og yngri).
- Yfirvinna verði reiknuð sem hlutfall af greiddum launum viðkomandi starfsmanns.
- Hækkun desember- og orlofsuppbóta.

Vinnutími

- Ferðatími á vegum vinnuveitanda teljist til vinnutíma og greiðist samkvæmt því.

Atvinnuöryggi

- Öryggi og réttindi starfsmanna sem eru einir á vinnustöð, t.d. í verslunum, verði tryggt.

Lífeyrismál, tryggingar, veikindaréttur o.fl.

- Launþegar séu að fullu slysatryggðir á ferðalögum erlendis í þágu vinnuveitanda.
- Veikindaréttur barna verði útvíkkaður til að mæta veikindum maka og nákominna ættingja/aldraðra foreldra og nái einnig til barna 16 ára og yngri.
- Veikindaréttur í orlofi erlendis verði færður til þess sem gildir í orlofi innanlands.
- Unnin verði frekari endurskoðun á ákvæðum um tryggingar launþega.

Annað

- Skylda starfsmanna til að ganga í sérstökum vinnufatnaði verði ekki til staðar, nema vinnuveitandi útvegi þann fatnað, starfsmanni að kostnaðarlausu.
- Upplýsingaflæði og samráð vinnuveitanda og trúnaðarmanna á vinnustað verði aukið.
- Tryggt verði að launþegar beri engan persónulegan kostnað vegna ferðalaga erlendis á vegum vinnuveitanda.

Að öðru leyti er vísað til sameiginlegra krafna aðildarfélaga ASÍ.

Sameiginlegar kröfur aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands

Kröfur á atvinnurekendur

- Sjúkra- og flutningskostnaður vegna slysa á leið til og frá vinnu
- Tilkynning um vinnuslys o.fl.
- Vinnuslys – samfelld forföll
- Slysa af völdum vélknúinna ökutækja erlendis
- Réttarstaða v/veikinda í orlofi innanlands og erlendis
- Réttur til veikindalauna v/fóstureyðinga
- Greiðsla komugjalda vegna læknisvottorða
- Útreikningur á yfirvinnukaupi
- Lengd matartíma í yfirvinnu um helgar
- Skilgreining vaktavinnu
- Skráning og meðferð persónuupplýsinga
- Vikulegir frídagar
- Greiðsla frítökuréttar
- Réttur til launaðra fjarvista vegna aðkallandi fjölskylduáðstæðna
- Reglulegt samráð við trúnaðarmenn

- Laun á ferðum almennt, ólaunaðir frídagar á ferðum o.fl.
- Dagpeningar
- Lokun vegna force majeure áðstæðna.

Kröfur á stjórnvöld

- Aðilaskipti að fyrirtækjum – glötuð réttindi
- Löggjöf um fullorðinsfræðslu – menntareikningar
- Áherslur í velferðar- og vinnumarkaðsmálum
- Greiðslur í Starfsendurhæfingarsjóð
- Samræming og jöfnun lífeyrisréttinda

Heilbrigðismál

Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði VR

Varðandi tekjur árið 2010 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

	Fjöldi	Upphæð kr.
Sjúkra- og dagpeningar samtals	757	456.001.854

(2009, samtals fjöldi 749, kr. 602.857.018)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Dánarbætur samtals	73	32.705.929

(2009, fjöldi bótaþega 84, kr. 33.992.087)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Slysabætur samtals	15	14.899.526

(2009, fjöldi bótaþega 14, kr. 12.600.672)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Aðrir styrkir til sjóðfélaga	312	16.008.695

(2009, fjöldi styrkþega 169, kr. 17.888.361)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Bætur og styrkir til félagsmanna 2010 samtals	1.157	519.616.004

(2009, fjöldi bóta- og styrkþega 1.016, kr. 667.338.138)

	Fjöldi	Upphæð kr.
Að auki styrkir til stofnana og félagsamtaka 2010		9.889.882

(2009, kr. 9.511.888)

Styrkir til tekjulægrí félagsmanna

Stjórn VR samþykkti á starfsárinu styrkveitingar úr Sjúkrasjóði VR til tekjulágra félagsmanna umfram almenna styrki sjóðsins. Þessir styrkir ná m.a. til tannlækninga, sjúkrabjálfunar og sálfræðikostnaðar. Með þessu vill VR koma til móts við tekjulága félagsmenn sem þurfa á því að halda.

Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs

Á framhaldsaðalfundi 11. janúar 2011 voru samþykktar breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs VR. Bæði var um að ræða nýtt atriði og að úreldar greinar voru felldar út. Sú nýjung var samþykkt að sjúkra- og slysadagpeningar þeirra sem hafna að taka þátt í boðnum úrræðum ráðgjafa sjóðsins skulu vera 72% af meðallaunum í stað 80%.

VIRK starfsendurhæfingarsjóður

Á árinu 2010 þáðu 168 einstaklingar ráðgjöf og aðstoð hjá ráðgjöfum VIRK starfsendurhæfingarsjóði á skrifstofu VR. VIRK hóf samstarf við stéttarfélag og atvinnurekendur um mitt ár 2009 og starfa þrjú ráðgjafar sjóðsins á skrifstofum VR.

Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2010 – 2011

Sigurður Sigfússon formaður

Jón Magnússon, Óskar Kristjánsson, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Sigríður Stefánsdóttir

Varamenn: Birgir Mór Guðmundsson og Bergur Steingrímsson

Á árinu 2010 voru 39 orlofshús og orlofsíbúðir í eigu VR. Félagið tók á leigu 25 tjaldvagna, 17 orlofshús og eitt hótélherbergi. Útleigur ársins 2010 voru 2.960 samanborið við 3.163 árið 2009. Nýting orlofshúsa yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri.

Nýting orlofshúsa og tjaldvagna 2010

Innan sviga er tilgreindur fjöldi húsa / íbúða á hverjum stað.

	Fjöldi gistinguátta	Nýting – sumar	Nýting – vetur*
Akureyri (7)	1.699	83%	57%
Einarsstaðir (7)**	511	87%	
Flúðir (3)	639	92%	48%
Húsafell (3)	617	92%	49%
Ljósheimar, Reykjavík (2)	276	77%	74%
Miðhúsaskógur (20)	3.833	93%	40%
Sóltún, Reykjavík (1)	77		71%
Ölfusborgir (1)**	20	95%	

Félagið tók á leigu eftirtalin hús og tjaldvagna sumarið 2010 og endurleigði til félagsmanna. Sum húsin voru leigð hluta af sumri en sum eru enn í útleigu.

	Fjöldi gistinguátta	Nýting – sumar	Nýting - vetur
Blönduós (2)	168	100%	
Hótel Loftleiðir (1)	55		51%
Hrísey (1)	77	100%	
Illugastaðir (1)	63	100%	
Meðalfellsvatn (1)	84	100%	
Ólafsfjörður (2)	157	93%	
Stykkishólmur raðhús (3)	625	97%	45%
Súðavík (2)	161	100%	
Tjaldvagnar (25)	1.293	86%	
Aukahús	9		
Samtals gistinguætur	10.364		

* Að vetri til er nýting á flestum húsum VR um 100% um helgar en minni virka daga.

** Hús í Ölfusborgum og á Einarsstöðum eru leigð út á vegum rekstrarfélaganna yfir vetrinn.

Biðlistakerfi fyrir orlofshús VR

Frá upphafi árs 2011 hafa félagsmenn getað skráð sig á biðlista fyrir orlofshús félagsins svo fremi að tveir sólarhringar eða lengra er til upphafsdagsetningar leigu.

Afsláttur í ferðalagið

VR bauð félagsmönnum afslátt í flug með Icelandair og Iceland Express frá júlí árið 2010. Afslátturinn er í formi afsláttarmiða. Alls nýttu um 400 félagsmenn sér þetta tilboð.

Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2010 – 2011

Benedikt Vilhjálmsson formaður

Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Óskar Kristjánsson, Guðrún Helga Tómasdóttir og Hildur Mósesdóttir

Varamenn: Bjarni Þór Sigurðsson og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Ályktanir stjórnar, fundir

Ályktanir stjórnar starfsárið 2010 – 2011

Í lok júní árið 2010 samþykkti stjórn ályktun vegna tilmæla sem Fjármálaeftirlit og Seðlabanki beindu til fjármálafyrirtækja um vaxtakjör gengistryggðra lána. Stjórn lét í ljós ósk um að stjórnvöld beindu þeim tilmælum til fjármálafyrirtækja að þau innheimti gengistryggð lán skv. umsömdum vöxtum þar til dómur félli í Hæstarétti um kjör lánanna.

Í október 2010 lýsti stjórn yfir stuðningi við kröfur Hagsmunasamtaka heimilanna um aðgerðir til lausnar skuldavanda heimilanna.

Og í október 2010 sendi stjórn einnig frá sér ályktun þar sem forgangsroðun stjórnvalda, eins og hún birtist í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2011, var harðlega mótmælt. Sparnaðartillögur stjórnvalda bitni enn og aftur á láglaunafólki og barnafjölskyldum og krafðist stjórnin þess að leitað yrði nýrra leiða til að rétta við reksturinn.

Í lok desember 2010 sendi meirihluti stjórnar frá sér yfirlýsingu um að meirihlutinn hafi samþykkt að taka aftur umboð sem formanni hafi verið veitt sem framkvæmdastjóra árið 2009.

Í mars árið 2011 samþykkti stjórn VR yfirlýsingu um að stjórnin teldi ákvörðun eins fulltrúa félagsins í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna að segja sig úr stjórninni og frá trúnaðarstörfum fyrir hönd sjóðsins rétta. Stjórn VR tilnefnir fjóra einstaklinga til setu í stjórn Lífeyrissjóðsins.

Innlendir fundir starfsárið 2010 – 2011

Stjórn VR fundaði 19 sinnum á starfsárinu og sjö fundir voru haldnir í **trúnaðarráði**.

Uppstillinganefnd fundaði þrisvar sinnum á starfsárinu. Hlutverk nefndarinnar breyttist í samræmi við breytingar sem samþykktar voru á 20. gr. laga VR um kjör formanns, stjórnar og trúnaðarráðs, sjá bls. 13. Nefndin hefur það hlutverk að stilla upp lista vegna kosninga til trúnaðarráðs og annast undirbúning kynningar á frambjóðendum vegna kosninga til formanns og stjórnar. Auglýst var eftir áhugasömum einstaklingum til að starfa fyrir félagið og barst 41 framboð til trúnaðarráðs, 16 framboð til stjórnar og sjö framboð til formanns. Nefndin kynnti framboðslista sinn vegna trúnaðarráðs þann 11. febrúar og auglýsti eftir mótframboðum. Engin mótframboð bárust og var listi uppstillinganefndar því réttkjörinn í trúnaðarráð. Sjá nánar um kosningar í félaginu á bls. 13.

Tveir **félagsfundir** voru haldnir í tengslum við allsherjaratkvæðagreiðslu til formanns og stjórnar í mars 2011. Fyrri fundurinn var fjarfundur frá Reykjavík á skrifstofu félagsins á Akranesi, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum en sá síðari var haldinn fyrir félagsmenn í Reykjavík og nágrenni. Á fundunum kynntu frambjóðendurnir áherslur sínar og svöruðu fyrirspurnum fundarmanna en alls sátu um 130 félagsmenn fundina. Síðari fundurinn var tekinn upp og var upptakan aðgengileg á Mínum síðum á vef VR á meðan á kjörfundi stóð.

Stefnuþing var haldið undir lok apríl 2010 en yfirskrift þess var Lýðræði – ábyrgð – þátttaka. Vinna við endurmat á stefnu VR hófst í lok árs 2009 og var stefnuþingið hluti af þeirri vinnu. Alls sátu 135 félagsmenn þingið en tilgangur þess var að efla lýðræði innan félagsins og tryggja að sem flestir komi að mótun stefnu þess í opnu og gegnsæju ferli.

Framhaldsaðalfundur var haldinn í janúar 2011 þar sem helsta umræðuefnið var lagabreytingar. Samþykktar voru breytingar á 20. gr. laga félagsins, sjá bls. 13. Alls sátu um 200 félagsmenn fundinn.

Kjarþing og kjarafundur voru haldnir í september 2010 vegna kjarasamningaviðræðna. Nánar á bls. 6.

Úrskurðarnefnd VR hélt 17 fundi á árinu 2010 og úrskurðaði í 28 málum félagsmanna. Nefndin gaf álit á málum 47 félagsmanna eftir ábendingu eftirlitsnefndar VR. Verkefni nefndarinnar eru að taka fyrir formlegar kærur frá félagsmönnum, vera ráðgefandi fyrir umsjónarmenn málaflokka og gegna eftirlitsstarfi.


Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2010 var haldinn í október 2010. Yfirskrift fundarins var Stop, hingað og ekki lengra og var áhersla lögð á atvinnu- og kjaramála auk skipulagsmála. VR átti 82 fulltrúa á fundinum.

VR stóð fyrir **ráðstefnu um kosti og galla verðtryggingar fjárskuldbindinga** í samstarfi við Stofnun um fjármálalæsi við Háskólann í Reykjavík í október. Á ráðstefnunni var skýrsla um áhrif verðtryggingar á fjárskuldbindingar almennings kynnt og var í kjölfarið opnaður nýr lánareiknir á vef félagsins, www.vr.is, þar sem hægt er að bera saman á myndrænan hátt hefðbundin nafnvaxtalan og verðtryggð lán.

VR varasjóður

Á aðalfundi þann 29. apríl 2010 var samþykkt tillaga um 410 milljóna króna framlag í VR varasjóð. Heildargreiðslur úr sjóðnum árið 2010 námu alls 335.678.930 og fengu 10.780 einstaklingar greitt úr sjóðnum á árinu. Langstærstur hluti fór til forvarna, s.s. líkamsræktarstyrkja, eða 44%. Til samanburðar má nefna að árið 2009 fóru 36% heildargreiðslna úr sjóðnum til forvarna. Það ár fengu tæplega 11.800 félagsmenn greitt úr sjóðnum og nam heildarupphæðin rúmlega 353 milljónum króna. Hér að neðan má sjá skiptingu greiðslna úr sjóðnum árið 2010.

Greiðslur úr VR varasjóði



Rannsóknir og kannanir

Fyrirtæki ársins

Íslenska gámafélagið og **Spölur** voru valin Fyrirtæki ársins 2010 samkvæmt niðurstöðum könnunar VR, það fyrrnefnda í hópi stærri fyrirtækja (50 starfsmenn eða fleiri) en það síðarnefnda í hópi minni fyrirtækja. Tuttugu efstu fyrirtækin í hvorum flokki fengu nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki 2010. Óvissa síðustu mánaða á vinnumarkaði og erfitt efnahagsástand settu mark sitt á niðurstöðurnar en engu að síður voru þær í mörgum tilfellum jákvæðari en árið 2007 sem vekur óneitanlega athygli.

Launakönnun

Heildaraun félagsmanna VR hækkuðu um 4,7% á milli árána 2009 og 2010 samkvæmt niðurstöðum launakönnunar. Grunnlaun hækkuðu um 5,3%. Kynbundinn launamunur var óbreyttur á milli ára eða 10,1% en niðurstöður könnunarinnar benda til þess að verkaskipting innan veggja heimilisins sé kynskipt.

Jafnréttismál

Skrifstofum VR var lokað rúmum tveimur klukkustundum fyrr en venjulega á kvennafrídaginn 25. október 2010 og markaði tímasetningin lok launaðs vinnudags kvenna miðað við hlutfallsleg laun þeirra af launum karla.

Jafnréttisráð samþykkti í apríl 2010 ályktun þar sem niðurstöðum í kosningum til stjórnar og trúnaðarráðs VR, sem fram fóru í mars það ár, var fagnað. Sjö konur og sjö karlar voru í stjórn VR í kjölfar kosninganna, auk formanns sem er karlmaður. Þá sátu jafnmargir af hvoru kyni í trúnaðarráði félagsins í kjölfar kosninganna.

Önnur starfsemi

Fræðsla

VR bauð upp á 17 hádegisfyrirlestra fyrir félagsmenn á starfsárinu og sátu þá tæplega 1.100 félagsmenn. Þá voru í boði 11 námskeið fyrir trúnaðarmenn félagsins.

Eins og fyrri ár stóð félagið fyrir kynningum um réttindi og skyldur á vinnumarkaði fyrir nemendur grunn- og framhaldsskóla á félagasvæði VR. Alls voru haldnar 93 kynningar á starfsárinu, þar af þrjár í Vestmannaeyjum og átta á Austurlandi.

Starfsmenntastyrkir

Á árinu 2010 voru greiddar 141.992.579 krónur í starfsmenntastyrki til félagsmanna úr starfsmenntasjóðum samanborið við rúmlega 155 milljónir árið 2009. Umsóknir voru 6.129 frá 4.077 félagsmönnum. Árið 2009 voru umsóknirnar 6.375 frá 4.220 einstaklingum.

Stjórnir fræðslumála starfsárið 2010 - 2011

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Andrés Magnússon (SA), formaður til 1. mars 2011

Teitur Lárusson (VR), formaður frá 1. mars 2011

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (VR), varaformaður til nóvember 2010

Stefanía Magnúsdóttir (VR) til hausts 2010, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir (LÍV) Ragnheiður B. Guðmundsdóttir (SA) og Svanur Valgeirsson (SA). Teitur Lárusson (VR) tók sæti í stjórn í stað Stefaníu Magnúsdóttur haustið 2010 og tók við formennsku 1. mars 2011.

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (LÍV), formaður til nóvember 2010

Almar Guðmundsson (FÍS), Birgir S. Bjarnason (FÍS) og Stefanía Magnúsdóttir (VR) til hausts 2010 en Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir (VR) frá þeim tíma.

Atvinnuleysi

Fjöldi skráðra VR félaga á atvinnuleysisbótum árið 2010 var alls 2442.

Úrræði fyrir atvinnulausa félagsmenn

VR lagði áherslu á öfluga þjónustu við atvinnulausa félagsmenn á starfsárinu. Félagið átti í samstarfi við fjölda aðila og bauð upp á 75 námskeið og fyrirlestra sem 672 félagsmenn sóttu. Félagið greiddi einnig niður líkamsræktarkort fyrir atvinnuleitendur, alls 711 kort. Ýmsir sérfræðingar á vegum VR, t.d. fjármálaráðgjafi, sálfræðingur og starfs- og námsráðgjafi, veittu einstaklingsbundna ráðgjöf. Þá bauð félagið börnum atvinnulausra félagsmanna á leikjanámskeið og sumarbúðir sumarið 2010. Útilegu- og veiðkort stóðu atvinnulausum félagsmönnum til boða og þekktust það boð um 340 félagsmenn. Sú nýjung var tekin upp að bjóða atvinnulausum félagsmönnum reiti til ræktunar á kartöflum og grænmeti.

Erlend samskipti

Höfuðborgarráðstefnan var haldin í september 2010 í Kaupmannahöfn. Þrír fulltrúar VR sóttu ráðstefnuna en helsta umfjöllunarefni hennar var nýjar aðferðir við að fjölga félagsmönnum í stéttarfélögum og halda þeim. Höfuðborgarráðstefnan er árlegur samstarfsvettvangur fulltrúa stéttarfélaganna í verslun og þjónustu í höfuðborgum Norðurlanda. Höfuðborgarráðstefnan 2011 verður haldin í Reykjavík.

Allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör vegna framboða til trúnaðarstarfa

Dagana 16. til 30. mars 2011 fór fram allsherjaratkvæðagreiðsla vegna framboða til trúnaðarstarfa fyrir VR. Þann 18. janúar 2011 var auglýst eftir áhugasömum einstaklingum til að starfa fyrir félagið og barst 41 framboð til trúnaðarráðs, 16 framboð til stjórnar og sjö framboð til formanns. Listi uppstillinganefndar félagsins til trúnaðarráðs var kynntur þann 11. febrúar og var þá jafnframt auglýst eftir mótframboðum. Engin mótframboð bárust og var listi nefndarinnar réttkjörinn. Á heimasíðu VR, www.vr.is, er nafnalisti kjörinna trúnaðarráðsfulltrúa birtur.

Í allsherjarkosningum var kosið milli sjö frambjóðenda til formanns og fimmtán frambjóðenda til sjö sæta í stjórn en einn frambjóðandi til stjórnar dró framboð sitt til baka eftir að auglýstur framboðsfrestur rann út. Atkvæði greiddu 4.867 en á kjörskrá voru 28.419 og kosningabátttaka 17,13%.

Niðurstaða kosninganna var sú að Stefán Einar Stefánsson hlaut flest atkvæði í kjöri til formanns, alls 977 eða 20,6% af greiddum atkvæðum þeirra sem tóku afstöðu.

Til stjórnar hlutu eftirtaldir kosningu til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR: Ásta Rut Jónasdóttir (2.127 atkvæði eða 86,7% af greiddum atkvæðum þeirra sem tóku afstöðu), Ragnar Þór Ingólfsson (1.348 atkvæði / 54,9%), Eyvín Ingadóttir (2.003 atkvæði / 81,6%), Benedikt Vilhjálmsson (1.217 atkvæði / 49,6%), Pálmei Helga Gísladóttir (1.840 atkvæði / 75%), Birgir Már Guðmundsson (1.085 atkvæði / 44,2%) og Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir (1.644 atkvæði / 67%). Varamenn eru Óskar Kristjánsson (999 atkvæði / 40,7%), Benóný Valur Jakobsson (906 atkvæði / 36,9%) og Bjarni Þór Sigurðsson (870 atkvæði / 35,4%).

Þessir aðilar eru réttkjörnir skv. 20. gr. laga félagsins og hefst kjörtímabil þeirra á aðalfundi VR fyrir árið 2011.

Aðrir frambjóðendur til formanns voru: Helga Guðrún Jónasdóttir (hlaut 860 atkvæði eða 18,2% af greiddum atkvæðum þeirra sem tóku afstöðu í allsherjarkosningunum), Páll Örn Lindal (733 atkvæði / 15,5%), Rannveig Sigurðardóttir (669 atkvæði / 14,1%), Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir (602 atkvæði / 12,7%), Kristinn Örn Jóhannesson (470 atkvæði / 9,9%) og Lúðvík Lúðvíksson (421 atkvæði / 8,9%). Alls merktu 135 kjósendur við valkostinn Tek ekki afstöðu (skilað auðu) sem er 2,8% kjósenda í allsherjaratkvæðagreiðslunni.

Aðrir frambjóðendur til stjórnar voru: Bjarki Steingrímsson (804 atkvæði eða 32,8% af greiddum atkvæðum þeirra sem tóku afstöðu), Gunnar Heiðberg Gestsson (775 atkvæði / 31,6%), Guðmundur Ingi Kristinsson (682 atkvæði / 27,8%), Þórir Traustason (491 atkvæði / 20%) og Jónas Pétur Hreinsson (390 atkvæði / 15,9%). Alls merktu 1.047 kjósendur við valkostinn Tek ekki afstöðu (skilað auðu) sem er 21,5% kjósenda.

Lagabreytingar

Á framhaldsaðalfundi þann 11. janúar 2011 voru samþykktar breytingar á 20. gr. laga VR um kjör formanns, stjórnar og trúnaðarráðs. Greinin er birt hér að neðan í heild sinni.

20. gr. Kosning formanns, stjórnar og trúnaðarráðs

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu og hálftrúnaðarráð kosið til tveggja ára. Viðhafa skal listakosningu til trúnaðarráðs. Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru eða fleiri listar skal viðhafa rafræna kosningu meðal allra félagsmanna og skal kosning standa yfir í tvær vikur. Kynningarsíða fyrir frambjóðendur skal vera til staðar á heimasíðu VR.

Almennar upplýsingar

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðsfrestur skal vera að minnsta kosti tvær vikur og rennur út eigi síðar en tveimur vikum fyrir félagsfund fyrir lok janúar ár hvert. Félagsfundur er kynningarfundur á frambjóðendum. Ekki er kosið á fundinum. Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 10 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 5 félagsmanna þarf vegna framboðs til setu í trúnaðarráði. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Fimm manna uppstillinganefnd, skipuð formanni og fjórum kosnum af trúnaðarráði og tveimur til vara, annast undirbúning kynningar á frambjóðendum. Formaður félagsins skal kalla nefndina saman í fyrsta sinn eftir að hún hefur verið kosin og skiptir hún með sér verkum á fyrsta fundi. Nefndin skal fara yfir framboðin til að kanna lögmæti þeirra og meðmælenda. Nefndin skal gefa sólarhringsfrest ef lagfæra þarf framboðin.

Uppstillinganefnd stillir upp 40 manna lista við kosningu trúnaðarráðs. Er hann sjálfkjörinn ef ekki kemur annað framboð.

Framboðsfrestur fyrir listaframboð gegn lista uppstillinganefndar skal auglýstur innan viku frá því hann kemur fram og vera a.m.k. tvær vikur. Skriflegt samþykki allra þeirra sem í kjöri eru skal liggja fyrir þegar listi er fram borinn. Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.

Kjörstjórn úrskurðar um hvort einstaklingsframboð séu rétt fram borin og sér um framkvæmd kosninga.

Atkvæðaseðill og kosningar:

Stjórn:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

Atkvæðaseðill og kosningar:

Trúnaðarráð:

Á kjörseðli er trúnaðarráði raðað upp í stafrófsröð. Séu fleiri listar þarf að merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig og kosið er á sama hátt til stjórnar.

Til bráðabirgða við kosningar 2011:

Skipta skal lista til trúnaðarráðs í tvo hluta, þ.e. 40 og 40 og kosið um báða, annan til 2ja ára og hinn til eins árs. Auk þess skal einn fulltrúi frá deild VR í Vestmannaeyjum eiga sæti í trúnaðarráði og einn frá deild VR á Egilsstöðum. Samtals er því kosið um 82.

Breyting á fulltrúa VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Í mars árið 2011 hætti Ragnar Önundarson, einn fjögurra sem stjórn VR tilnefnir, í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna að ósk félagsins. Hann lét einnig af öðrum trúnaðarstörfum sem fylgdu stjórnarsetu hans í sjóðnum. Óskar Kristjánsson varamaður tók sæti hans í stjórninni.

120 ára afmæli VR

VR fagnaði 120 ára afmæli þann 27. janúar 2011 en þann dag árið 1891 var VR stofnað sem Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, sameiginlegt félag launafólks og atvinnurekenda. Rúmum sextíu árum síðar varð VR hreint launaþegafélag og hefur æ síðan barist fyrir hagsmunum og auknum réttindum launafólks. Á stofnfundi félagsins gengu 33 menn í félagið en félagsmenn í VR voru rúmlega 28 þúsund árið 2010.

Í tilefni af afmælinu samþykkti stjórn félagsins að veita einni milljón króna fyrir hvert afmælisár til uppbyggingar í orlofsmálum, alls 120 milljónum króna. Fjármunum verður varið til uppbyggingar á orlofshúsasvæði félagsins í Miðhúsaskógi á næstu þremur árum.

Almennar upplýsingar

Fráfall – Ingibjörg R. Guðmundsdóttir

